



Aldrei án dóttur minnar.

Guðný Kjartansdóttir

METSÖLULISTI

VINSÆLUSTU ERLENDU BÆKURNER HJÁ PENNANUM-EYMUÐSSON

- 1 Sandra Brown
ENVY
- 2 Patricia Cornwell
ISLE OF DOGS
- 3 James Patterson
VIOLETS ARE BLUE
- 4 Brad Meltzer
THE MILLIONAIRES
- 5 Clive Cussler
VALHALLA RISING
- 6 Gerald Seymour
THE UNTOUCHABLE
- 7 Robert B. Parker
WIDOW'S WALK
- 8 Stephen King - Peter Straub
BLACK HOUSE
- 9 Jonathan Kellerman
FLESH AND BLOOD
- 10 David Baldacci
LAST MAN STANDING

HÁTIÐ „Markmiðið er auðvitað að þjappa íbúnum saman og gera þeim grein fyrir því í leiðinni að Grafarvogurinn á sér merkilega sögu. Grafarvogur og Gufunes hafa komið við sögu margra sögufrægra manna, eins og t. d. Einars Ben. og landnámsmannsins Ketils gufu,“ segir Ása Briem, sem er verkefnisstjóri Grafarvogsdagsins, en dagurinn er haldinn hátíðlegur í fimmta sinn í dag. Ása segir daginn hafa fest sig í sessi með al íbúanna og engin spurning að svona hátíð auki samheldni íbúa hverfisins. „Það er látlaus gleði allan daginn, ofboðslega skemmtileg dagskrá. Vert er að geta Graf-

Árlegur Grafarvogsdagur í dag:

Menningarviðburðir og stanslaust fjör



KLIFRAÐ VIÐ GUFUNESBÆ

Það verður margt um að vera á Grafarvogsdeginum í dag.

arvogsskaldanna, þeirra Einars Más Guðmundssonar og Gyrðis Eliassonar sem lesa ljóð, þar er nú

aldeilis ekki í kot vísað,“ segir Ása. „Þá verður boðið upp á söngöngu og helgistund, Stefán Jón

Hafstein mun afhenda hvatningarverðlaun þeim íbúum sem skar að hafa framúr og opið hús verður í Borgarholtsskóla milli klukkan 11 og 15, en þar munu listamenn, félög og fyrirtæki í Grafarvogi kynna sig. Stuðganga hefst við Spöngina klukkan 15 og ekki má gleyma að minnst á húllumhæið við Gufunesbæ þar sem verður klifrað upp súrheysturninn með Harald Örn Ólafsson, fjallagarp, í broddi fylkingar. Þar verður líka grillað, sungið og dansað, en sýrupolkasveitin Hringir leikur fyrir dansi. Hátíðarhöldunum lýkur svo með hinni ómissandi flugeldasýningu.“ ■

SUNNUDAGURINN 15. SEPTEMBER

LEIKSÝNINGAR

14.00 **Jón Oddur og Jón Bjarni** eftir Guðrúnu Helgadóttur eru sýndir á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

15.00 Borgarleikhúsið kynsir haustdagskrá. Leikur, söngur og dans. Brot úr verkefnum vetrarins verða sýnd. Allir eru velkomnir.

20.00 Með vífið í lúkunum eftir **Ray Cooney** er sýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins.

TÓNLEIKAR

20.00 **Japonijazz** er nafn á hljómsveit sem sett var saman af mörgum jazztónlistarmönnum frá Japan. Þeir koma hingað til lands til að halda tónleika í Salnum í Kópavogi.

MYNDLIST

Björn Lúðvíksson heldur yfirlitssýningu á Sjúkrahúsinu og Heilsugæslustöðinni á Akranesi í tilefni 50 ára afmælis stofnunarinnar.

Ólöf Björg myndlistarmaður sýnir í **Galleríi Sævars Karls**, málverk, hluti, hljóð og lykt.

Sýning á verkum **Eero Lintusaari** skartgripahönnuðar og **Harri Syrjänen** gullsmíðs og leðursmíðs sýnir í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg. Sýningin verður opin mánudaga til föstudaga frá 10 til 18 og laugardaga frá 11 til 16. Sýningunni lýkur 25. september.

Ásdís Spano sýnir olíuverk á Kaffi Sólön. Sýningin stendur til 27. september.

Sumarlök nefnist gluggasýning í Samlaginu/Listhúsi, Gilinu á Akureyri. Þar sýnir **Halldóra Helgadóttir** málverk unnin á þessu ári. Sýningin stendur til 15. september.

Í **Rauða Húsinu á Eyrarbakka** sýnir **Hafliði Magnússon**, rithöfundur og teiknari, sýningu á lituðum teikningum með götumyndum frá Eyrarbakka, Stokkseyri og Selfossi.

Harpa Rún Ólafsdóttir sýnir í **Gallerí Tukt í Hinu húsinu**.

Í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41 sýnir **Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir** ljósmyndir og skúlptúr. Í **Gryfjunni** sýnir **Kristveig Halldórsdóttir**, myndverk gerð úr rabbarara sem hún hefur búið til papyrus úr. Einnig sýnir hún ljósmyndir. Listasafn



SÍGILD HÖNNUN

Eyjólfur Pálsson, verslunarmaður í Epal, segir hönnun Arne sameina fegurð og notagildi.

Erfingjarnir bíða í ofvæni eftir stólnum

Flott hönnun er nátengd nafni Arne Jacobsen. Í tilefni af aldarafmæli hans býðst gestum Listasafns Reykjavíkur að skoða verk hans á yfirgripsmikilli sýningu.

Í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum opnar í dag sýning á verkum Arne Jacobsen. Meðal þekktara verka Arnes eru stólarnir Maurinn frá árinu 1951, Eggíð frá árinu 1957 og Svanurinn frá árinu 1957.

Eyjólfur Pálsson, verslunarmaður í Epal, hefur verið með verk Arnes til sölu í verslun sinni um 27 ára bil. „Nú standa yfir sýningar á verkum Arnes um allan heim,“ segir Eyjólfur, „en það sem er sérstakt á þessari sýningu eru þrjár sérstakar tengingar við Ísland.“ Eyjólfur vill ekki gefa frekari upplýsingar um þetta og segir að sjón sé sögu ríkari. Aðspurður hvornig hönnun Arnes hafi hentað Íslendingum gegnum tíðina, segir Eyjólfur, að Íslendingar hafi alltaf haft smekk fyrir þessum húsgögnum. „Í upphafi áttu auðvitað margir svona eldhúshúsgögn og fannst þau bara eldhúslæg. Svo breyttist þetta hægt og sígandi og nú er yngri kynslóðin mjög hrifin af þessari hönnun og kaupir þetta sem borðstofuhúsgögn. Einn veit ég um sem á stól hannaðan af Arne og hann segir stólinn vera það sem erfingjarn-

ir bíði eftir í ofvæni.“ Eyjólfur segir suma af gömlum mununum, eins og t. d. gamalt Egg og Svan, seljast á sama verði og um nýja stóla væri að ræða. „Hönnun Arne lifir vegna þess að hún er smart og þægileg. Þar sameinast fegurðin notagildinu.“

Arne Jacobsen er ekki bara frægur fyrir byggingarlist og húsgagnahönnunin. „Hann hannaði líka áklæði og gluggatjöld,“ segir Eyjólfur, að ógleymdum búshöldum, en fræg er Cylindalínan, sem er úr ryðfríu stáli og hefur unnið til fjölda verðlauna.

Sýning Listasafnsins er sú yfirgripsmesta sem haldin hefur verið á munum eftir Arne á Íslandi og Carsten Thau, prófessor við konunglegu dönsku listaakademíuna heldur fyrirlestur um Arne Jacobsen.

Eyjólfur segir að lokum að gestum á sýningunni verði boðið upp á að taka þátt í spurningaleik þar sem vegleg verðlaun verða í boði - að sjálfsögðu munir eftir Arne. „Það gerir líka sýninguna skemmtilegri fyrir gestina, þeir þurfa þá að staldra við og skoða í staðinn fyrir að strunsa í gegn.“

edda@frettabladid.is

ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14 til 18. Aðgangur er ókeypis. Sýningunum lýkur 22. september.

Afmællisýning Myndhöggvarafélag Íslands stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**. Fjórán myndhöggvarar sýna. Félagið fagnar nú 30 ára afmæli sínu. Sýningin stendur til 6. október.

Helgi Þorgils Friðjónsson og **Kristinn G. Harðarson** sýna í 8, Klapparstíg 33. Kristinn sýnir vatnslitaverk og útsaumaðar myndir og Helgi leirskúlptúra. Að auki sýna þeir myndbandsverk sem þeir unnu í sameiningu ásamt **Sverri Guðjónssyni**. Sýningin stendur til 12. október. 18 er opið þriðjudaga til laugardaga frá kl. 13 til 17.

Listin meðal fólksins er yfirskrift sýningar Listasafns Reykjavíkur í **Ásmundarsafni**. Á sýningunni eru verk Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara skoðuð út frá þeirri hugsjón hans að myndlistin ætti að vera hluti af daglegu umhverfi fólks en ekki lokuð inni á söfnum. Sýningin stendur til ársloka.

Í **Þjóðmenningarhúsinu** standa þrjár sýningar. Sýndar eru ljósmyndir úr Foxleiðangrinum sem eru með elstu myndun sem teknar voru á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum, sýning er á vegum Landsbókasafns á bókmenntum Vestur-Íslandinga og loks er Landafundasýningin sem opnuð var árið 2000 og hefur nú verið framlengd.

Barna- og unglíngastarf Gauja litla

Kátir krakkar

Aukum sjálfstraust og lífsgleði

Kátir krakkar 13 til 16 ára
Aðhaldsnámskeið þrisvar í viku fyrir unglínga á aldrinum 13 til 16 ára, í World Class.

Kátir krakkar 7 til 12 ára
Barnanámskeiðin eru aldursskipt, 7-9 ára og 10-12 ára.

Innifalið: Spinningtímar, taiboo, hipp hopp dans, stöðvabjálfun, leikræn tjáning, styrking sjálfsmyndar o.m.f.

Unnið er náíð með börnunum og foreldrum þeirra sem fá fræðslu frá næringarráðgjafa.

Athugið að þátttakendafjöldi er takmarkaður

Upplýsingar & tímabantanir alla daga í **síma 561 8585**